Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland | Sudurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík | Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020 | www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Akureyrarbær
Anna Bragadóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. janúar 2013
Tilvísun: UST20121200029/ksj

**Naustahverfi 3. Áfangi, Hagar – skipulagslýsing deiliskipulagstillögu.**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Akureyrarbæjar er barst 7. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skipulagslýsingu fyrir Naustahverfi, 3. áfanga

**Skipulagssvæðið afmörkun**

Hluti Naustahverfis sem ofangreind skipulagslýsing er fyrir, nær yfir um 25 ha. Landið sem er aflíðandi brekka til austurs er allt gróið, reitað af skurðum og girðingum í tún og beitarhólf. Helsta kennileiti er Naustagil nyrst á svæðinu. Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um opið svæði sem mun ná upp frá gilinu til fjalls.

**Umhverfismál**

Umhverfisstofnun tekur undir það að áætlað er að leita grænna lausna varðandi varðandi fráveitukerfi og meðferð ofanvatns við gerð deiliskipulagsáætlunar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda skipulagslýsingu deiliskipulagstillögu Naustahverfis 3. áfangi Hagar.

Virðingarfyllst

Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun